

í geymslu. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

#### 4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Miðneshrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. nóvember 1976.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður og Vatnsleysustrandarhreppur eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Suðurnesja og er stofnað skv. lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja.

#### 2. gr.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er í Keflavík.

#### 3. gr.

Verkefni fyrirtækisins er að virkja jarðhita við Svartsengi í Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir. Í þessu skyni skal reisa orkuver, varmaskiptistöðvar og leggja aðveituaðar til þéttbýlissvæða á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Heimilt er fyrirtækinu að reisa kyndistöðvar, ef rekstraröryggi krefur.

Starfsemi félagsins skal beinast að öflun heits vatns fyrir sveitarfélög þau, sem aðild eiga að því. Jafnskjótt og unnt er, skal hitaveita lögð til Keflavíkurflugvallar.

#### 4. gr.

Eignarhlutdeild sameigenda í fyrirtækinu skiptist í þessum hlutföllum, sbr. yfirlýsingu.

Ríkissjóður Íslands á	40.00%
Keflavíkurkaupstaður á	31.04%
Njarðvíkurkaupstaður á	8.70%
Gerðahreppur á	3.76%

Miðneshreppur á .....	5.55%
Hafnahreppur á .....	0.71%
Grindavíkurkaupstaður á .....	8.11%
Vatnsleysustrandarhreppur á .....	2.13%

## 5. gr.

Sameigendur fyrirtækisins bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin á sameigendur í réttu hlutfalli við eign þeirra í fyrirtækinu.

## 6. gr.

Eignarhlutföllum í fyrirtækinu verður ekki breytt, og engum sameigenda er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra hinna.

Verði ákvörðun tekin um að krefjast viðbótarframlags í fyrirtækið frá eigendum þess skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll.

## 7. gr.

Ríkissjóður afhendir Hitaveitu Suðurnesja öll mannvirki sín við Svartsengi og þar í nánd, þar á meðal borholur fyrir heitt og kalt vatn og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjana á Svartsengissvæðinu. Þetta telst til stofnfjár ríkissjóðs. Náist eigi samkomulag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti, er aðrir eignaraðilar afhenda.

## 8. gr.

Sameignaraðilar að Hitaveitu Suðurnesja leggja fram stofnframlag 50 milljónir kr., sem skiptist þannig milli aðila, sbr. yfirlýsingu.

1. Ríkissjóður Íslands .....	kr. 20 000 000
2. Keflavíkurkaupstaður .....	— 15 520 000
3. Njarðvíkurkaupstaður .....	— 4 350 000
4. Gerðahreppur .....	— 1 878 000
5. Miðneshreppur .....	— 2 776 000
6. Hafnahreppur .....	— 354 000
7. Grindavíkurkaupstaður .....	— 4 057 000
8. Vatnsleysustrandarhreppur .....	— 1 065 000

Samtals kr. 50 000 000

Í framlagi eignaraðila skulu talin verðmæti þau, er greinir í 7. gr.

## 9. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu.

Ráðherra er þó heimilt að ákveða, að bygging og rekstur dreifiveitu á Keflavíkurflugvelli skuli þar undanþegin.

## 10. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð 5 mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa þrjú stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Verði ekki samkomulag milli sveitarfélaganna um það í upphafi hvert þeirra skuli eiga fulltrúa í stjórninni skal hlutkesti ráða. Aldrei skal nema einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sitja í stjórn á hverjum

tíma. Hvert sveitarfélag skal eiga fulltrúa í stjórninni í þrjú ár samfleytt og skal hann tilnefndur af viðkomandi sveitarstjórn. Þó skal einn hinna upprunalegu stjórnarmanna víkja eftir eins árs setu í stjórn og annar eftir tveggja ára setu þannig, að framvegis víki fulltrúi eins sveitarfélags árlega. Komi sveitarfélögin sér ekki saman um, í hvaða röð fulltrúar þeirra skuli víkja og taka sæti í stjórn, skal hlutkesti ráða. Stjórnin skiptir með sér verkum. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur fyrirtækið.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Hún skal þó ekki hafa fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði, að jafnaði. Skytt er að halda fundi, þegar tveir stjórnarmenn eða einhver sameignaraðili óskar þess, og skal þá fundi halda innan viku frá því að ósk kom fram. Fundi skal boða með tryggilegum hætti.

Stjórnarfundur er löglegur, ef meirihluti stjórnar er mættur. Nú verður fundur ólögmætur vegna þess að eigi eru nægilega margir mættir og skal þá með minnst tveggja sólarhring fyrirvara boða fund að nýju með staðfestu símskeyti og halda hann innan 2ja vikna. Skal þess getið í fundarboði, að hann sé haldinn í stað þess fundar, er áður var boðaður og eigi varð lögmætur. Sá fundur er lögmætur um þau mál, er á dagskrá fyrri fundar voru, þótt meirihluti sæki eigi. Meirihluti atkvæða ræður, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema fundarefni varði hann sjálfan og störf hans hjá fyrirtækinu.

Halda skal gerðabók um fundi stjórnar, og skal heimilt að ráða mann utan stjórnar til þess starfa. Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Færa skal til bókar frásögn um þau mál, er upp eru borin á fundinum og geta afgreiðslu þeirra. Allir fundarmenn eiga rétt til að fá sérstaklega bókaðar stuttar athugasemdir. Fundargerðir skulu bornar upp í fundarlok og undirritaðar af fundarmönnum. Óski fundarmaður eftir að gera athugasemd við fundargerð, skal hún skráð sérstaklega.

Fundargerð verður eigi breytt eftir að undirskrifuð hefur verið, nema augljós glöp séu, og telst fullnaðarheimild um afgreiðslu máls.

### 11. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

1. Hún markar heildarstefnu fyrirtækisins og skal gæta hagsmuna þess í hvívetna.
2. Hún ræður framkvæmdastjóra fyrirtækisins og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning.
3. Hún setur gjaldskrá.
4. Hún undirbýr reglugerð um hitalagnir o. fl. á veitusvæði fyrirtækisins og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.
5. Hún tekur lán til þarfa fyrir fyrirtækið og ábyrgist greiðslur og skuldbindingar fyrir þess hönd.
6. Hún ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga fyrirtækisins. Hann skal ennfremur fenginn til að gefa umsögn um breytingar á gjaldskrá.

Til að skuldbinda fyrirtækið þarf undirskrift meirihluta stjórnar. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum svo og mönnum utan stjórnar umboð til að skuldbinda fyrirtækið í einstökum ákveðnum tilfellum.

Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Framkvæmdastjóri skal hafa slíkt umboð, svo og aðrir þeir, sem stjórn telur rétt að veita það. Stjórnin getur eigi skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánnum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a. m. k.

fimm þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

#### 12. gr.

Framkvæmdastjóri veitir fyrirtækinu forstöðu. Hann skal hafa á hendi framkvæmd stefnu stjórnarinnar. Hann annast daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir þess og undirbúning, sjóðvörslu og reikningshald. Hann skal helga fyrirtækinu starfskrafta sína og er óheimilt að taka að sér störf í annarra þágu án samþykkis stjórnar fyrirtækisins. Hann getur falið öðrum framkvæmd tiltekinna verka í umboði sínu í samræmi við reglur, er stjórnin kann að setja um slíkt.

Framkvæmdastjóri skal eiga sæti á fundum stjórnar og annast undirbúning þeirra í samráði við stjórnarformann.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins og leysir þá frá störfum. Enginn verður þó fastráðinn án samþykkis stjórnar, né verður sagt upp fastráðnum manni án samþykkis hennar.

#### 13. gr.

Við gerð gjaldskrár skal stjórnin gæta almennra arðsemissjónarmiða. Skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægjanlegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt viðskiptavinum fullnægjandi þjónustu.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

#### 14. gr.

Aðalfundur fyrirtækisins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs.

Framkvæmdastjóri semur í samráði við formann fyrir hvert reikningsár fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir fyrirtækið og leggur hana fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. desember ár hvert, en stjórnin sendir áætlunina samþykktar eigi síðar en 21. desember ár hvert til eigenda.

#### 15. gr.

Reikningsár fyrirtækisins skal vera almanaksárið.

Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningur lagður fyrir stjórn félagsins eigi síðar en 1. mars ár hvert ásamt umsögn löggilts endurskoðanda.

Endurskoðaðir ársreikningar fyrirtækisins ásamt umsögn endurskoðanda og ársskýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sendir eignaraðilum til athugunar viku fyrir aðalfund.

#### 16. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hlutbundinni kosningu, en fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar fyrirtækisins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.

4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra manna í stjórn.

5. Önnur mál.

## II. KAFLI

### 17. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði hitaveitunnar nema annað sé tekið fram hér.

### 18. gr.

Hitaveita Suðurnesja lætur leggja allar utanhússlagnir: aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Í húsinu leggur hitaveitan lögnina inn fyrir hemlagrind. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1 hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rúmi fyrir vatnshemla og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og mælir, eða hemill, eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja getur heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

### 19. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem hún lætur leggja. Hitaveitan getur endurkafið húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjum eftir almennum skaðabótareglum.

### 20. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur hitaveitustjóri ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

### 21. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

### 22. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæð sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds og tengingu skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

### 23. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfar.

## 24. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn skal húseigandi sjá um að leiða það í frárennsliskerfi hússins og má hitastig þess þá ekki vera hærra en 45° C.

## 25. gr.

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra eða umboðsmanns hans.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eigenda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þírítí.

## 26. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja getur heimilað öðrum aðilum að gera uppdraetti með sömu skilmálum. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

## 27. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera skv. íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A 1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn skv. íslenskum staðli ÍST 64.

Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

## 28. gr.

Ef uppdraettir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

## 29. gr.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 3 eintök hans, eitt eintak skal varðveita í skjalasafni viðkomandi sveitarfélags, annað í skjalasafni hitaveitunnar, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasöfnunum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða kerfi sé rétt útreiknað.

## 30. gr.

Um rétt manna til að annast hitalagnir fer eftir lögum um iðju og iðnað. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, og samþykkt uppdraetti, svo og nánari fyriræli, er sett kunna að verða.

Ef skipt er um ábyrgðarmenn, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum skv. reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsuðu.

Engir aðrir, en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminningu. Ennfremur getur hitaveitustjórn samþykkt, að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

### 31. gr.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkt uppdrætti, og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslisbitastigi allra ofna og hitatækja, og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja, að stjórnþeki starfi eðlilega.

Áliti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum er settar kunna að verða getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

### 32. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, hæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjar ráðstafanir, til varnar misnotkun heita vatnsins.

### 33. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirknan loka, sem tryggir, að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill, og að nýting vatnsins verði nægjanleg sbr. 8. gr.

### 34. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafín skv. ákvæðum gjaldskrár.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka aðrennslí að húsi, sem vangreitt er af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

### 35. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur hitaveitunni gjaldskrá.

### 36. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælar og öryggisloki samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra. Ekki þarf þó öryggisloka, ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennslí er stýrt á innrennslí eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu skv. nánari fyrir mælum hitaveitustjóra.

Heimilt er einnig að leiða afrennsli upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslispípu (slaufu), og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitustjóra, skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zínk-húðuðu efni eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið, frá þenslukerum skal vera loftpípa lögð út úr húsi.

### 37. gr.

Hitaveitustjóri ákveður stærð og gerð hemla sem nota skal og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar og innsiglar þá. Hemlar þessir eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður hemill fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef hemill eyðileggst af völdum frosta.

Ef maður rýfur innsigli hemils varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi hemils er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem hemillinn er fyrir, skal hann bera ábyrgð á hemlinum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt hitaveitunni upp eða tilkynnir flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna innheimtuskristofu með hálfis mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að hemill sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun hemils að mesta skekkja sé  $\pm 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin, um hemla, skulu gilda jafnt um mæla, ef selt er samkvæmt mælataxta, að því undanskildu, að reynist mælir mæla skakkt, skal leiðréttá reikninga í samræmi við það, þó ekki lengur en 2 mánuði, nema sannað sé, að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

### 38. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þesari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lög taki, ef þörf krefur, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 100 31. desember 1974 öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1976.*

**Gunnar Thoroddsen.**

**Árni P. Arnason.**